

Ár 2024, þriðjudaginn 1. október er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helga R. Magnússyni, Ástu Björk Eiríksdóttur og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 9/2024

Knattspyrnudeild Stjörnunnar

gegn

Knattspyrnudeild KA

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I

Kærandi:

Knattspyrnudeild Stjörnunnar (hér eftir: Stjarnan), kt. 580589-1389 Ásgarði, 210 Garðabæ

Kærði:

Knattspyrnudeild KA (hér eftir: KA), kt. 700169-4219 Dalsbraut 600 Akureyri

Mál þetta er mótttekið frá kæranda af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 17. september sl. með tölvupósti. Dómari gaf kærða kost á að skila greinargerð sem kærði nýtti sér og sendi til skrifstofu KSÍ þann 23. september.

II

Kröfur:

Kærandi Stjarnan gerir þá kröfu Að úrslit leiksins verði dæmd ógild og að framlenging og ef til kemur vítaspyrnukeppni, sé spiluð aftur á heimavelli Stjörnunnar í Garðabæ til að ná fram réttlátum úrslitum leiksins.

Til vara gerir Stjarnan þá kröfu að úrslit leiksins verði dæmd ógild og að framlenging og ef til kemur vítaspyrnukeppni, sé spiluð aftur á heimavelli KA á Akureyri til að ná fram réttlátum úrslitum leiksins. KA skal greiða ferðakostnað Stjörnunnar til og frá leikstað.

Kærði KA krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

III

Málavextir skv. kæru

Málavöxtum er lýst með eftirfarandi hætti af hálfu kæranda:

Laugardaginn 14. september síðastliðinn fór fram úrslitaleikur á Íslandsmóti hjá 4. flokki karla C-lið á Akureyri þar sem Stjarnan heimsótti KA. Eftir venjulegan leiktíma var staðan jöfn 3-3. Þegar venjulegum leiktíma lauk og áður en framlenging hófst þá yfirgaf dómari leiksins

(Magnús Hilmar Felixson) leikstað og afhenti flautuna og um leið leikstjórn leiksins í hendur annars aðila sem staddur var á svæðinu. Sá aðili þekkti ekki reglugerð um Knattspyrnumót (26. grein um Knattspyrnumót) og lét framlengingu vera 2 sinnum 5 mínútur í stað 2 sinnum 10 mínútur þrátt fyrir mótbárur og útskýringar frá þjálfarateymi Stjórnunnar og braut þar með viðkomandi reglugerð. Áfram var jafnt eftir téða framlengingu og lét viðkomandi dómari þá vítaspyrnukeppnina vera 3 spyrnur á hvort lið í stað 5 spyrna, aftur þrátt fyrir mótbárur og útskýringar þjálfarateymis Stjórnunnar og braut þar með Knattspyrnulögin sem kveða á um að sé leikið til þrautar þá skulu vera 5 spyrnur á hvort lið í vítaspyrnukeppni sbr. 10. grein knattspyrnulaganna.

Málsástæður kæranda:

Ástæða kærunnar eru ofangreind brot á lögum um Knattspyrnumót og Knattspyrnulögum[sem lýst er í málavöxtum] en fyrst og síðast virðingarleysi gagnvart leiknum og leikmönnum þegar aðaldómari leiksins yfirgefur leikstað á krítískum tímapunkti sem brýtur gegn grein 5.3 í knattspyrnulögunum sem segir að félagi sem tekur þátt í móti á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KSÍ, UEFA eða FIFA.

IV

Málsástæður kærða:

Kæra Stjórnunnar byggist að því er virðist á því að dómari leiksins hafi tekið ákvarðanir um framkvæmd hans sem hafi haft áhrif á úrslitin. Þessu er hafnað. Engu að síður er nauðsynlegt að setja málsatvik í samhengi og leiðrétt þær rangfærslur sem fram koma í kæru Stjórnunnar.

Dómari yfirgaf ekki leikinn: Það sem kemur fram í kæru Stjórnunnar um að dómari hafi yfirgefið leikinn eftir venjulegum leiktíma lauk er einfaldlega rangt. Dómari leiksins, Magnús Hilmar Felixson, var viðstaddur eftir að venjulegum leiktíma lauk og tók sjálfur ákvörðun um lengd framlengingar, sem var ákveðin 2x5 mínútur í stað 2x10 mínútur. Magnús upplýsti bæði þjálfarateymi áður en framlenging hófst um þessa ákvörðun. Engin mótmæli eða mótbárur komu fram frá þjálfarateymi Stjórnunnar á þessum tímapunkti sem þó hefði verið eðlilegt, hafi þeir verið ósáttir við framkvæmdina. Þetta má sjá skýrt á myndbandsupptöku af leiknum þar sem Magnús er sýnilegur í samskiptum við bæði þjálfarateymi eftir að venjulegum leiktíma lýkur og áður en framlenging hefst. Magnús þurfti að yfirgefa leikstað þar sem hann var hluti af dómarateymi í leik sem byrjaði á Dalvík kl. 16:30 og fól Hallgrími Jónassyni að taka við sínu hlutverki sem dómari í framlengingu og vítaspyrnukeppni, ef til hennar kæmi.

Mistök dómara bitnuðu á báðum liðum: Þó að vera megi að framkvæmd leiksins hafi ekki verið í samræmi við reglugerð um Knattspyrnumót (26. grein) og Knattspyrnulögin (10.grein), þá bitnaði framkvæmdin á báðum liðum, ekki aðeins á Stjórnunni. Bæði lið þurftu að spila framlengingu sem var skemmri en venjulega og báðum liðum var gert að taka færri vítaspyrnur en knattspyrnulögin gera ráð fyrir. Mistök dómara ættu ekki að hafa áhrif á úrslit þessa leiks og þar með Íslandsmótsins, sérstaklega þegar um er að ræða leik barna.

Vítaspyrnukeppni: Upphaflega taldi Hallgrímur sem tók við af Magnúsi að það ætti að fara fram fimm vítaspyrnur á hvort lið, eins og reglur gera ráð fyrir. Hallgrímur upplýsti bæði þjálfarateymi um þessa ákvörðun. Hins vegar, eftir að Magnús hafði yfirgefið leikstað, var hann í símasambandi og tók þá ákvörðun að vítaspyrnur skyldu vera þrjár spyrnur á hvort lið.

Hallgrímur framfylgdi þessari breytingu, og bæði þjálfarateymi voru upplýst um þessa ákvörðun. Hvorugt þjálfarateymi mótmælti þessari breytingu á þeirri stundu.

Engar formlegar mótbárur frá Stjórnunni á staðnum: Á meðan leikurinn fór fram, voru engar formlegar mótbárur eða kvartanir frá þjálfarateymi Stjórnunnar varðandi þessar ákvarðanir, hvorki um lengd framlengingar né fjölda vítaspyrna. Þjálfarar KA, Jón Heiðar Magnússon og Sindri Skúlason, hafa staðfest að þeir hafi fengið skýrar leiðbeiningar frá dómara varðandi bæði lengd framlengingar og fjölda vítaspyrna. Þeir upplifðu að bæði þjálfarateymi hafi verið upplýst áður en framlengingin hófst, sem staðfestir frekar að dómari hafi farið eftir venjubundnum reglum um upplýsingagjöf.

Með vísan til ofangreindra atriða teljum við að mistök dómara hafi ekki brotið gegn lögum Knattspyrnusambandsins með þeim hætti að réttlæti endurtekningu eða breytingu á úrslitum leiksins. Þetta voru mistök sem áhrif höfðu á báða aðila og voru framkvæmd með vitund beggja liða. Þar að auki eru engin gögn sem styðja fullyrðingar Stjórnunnar um að dómari hafi yfirgefið leikinn eftir venjulegan leiktíma eða að ákvarðanir um lengd framlengingar (2x5 mínútur) og fjölda vítaspyrna (3 spyrnur) hafi verið teknar án vitundar þjálfarateymis Stjórnunnar. Það var dómari leiksins, Magnús Hilmar Felixson sem sjálfur tók þessa ákvörðun varðandi lengd framlengingar (2x5 mínútur) og upplýsti bæði þjálfarateymi áður en framlenging hófst. Eftir að Magnús yfirgaf leikstað var hann í símasambandi og tók ákvörðun um fjölda vítaspyrna í vítaspyrnukeppni (3 spyrnur). Fullyrðingar um að mótbárur hafi komið frá Stjórnunni á þessum tímapunktum eru rangar, þar sem hvorugt þjálfarateymi mótmælti þessum ákvörðunum.

Við vonum að þessi útskýring hjálpi til við að varpa ljósi á raunverulega atburðarrás og taki tillit til allra aðila sem hlut eiga að máli. Lögð er áhersla á að framkvæmdin hafði ekki áhrif á úrslit leiksins og jafnræðis þannig gætt gagnvart báðum liðum. Breyting á úrslitum leiksins núna væri auk þess meiriháttar ákvörðun sem þá bitnar á börnum sem áttu engan þátt í því hvernig framkvæmdinni var háttað.

Því er sérstaklega mótmælt að KA verði látið bera kostnað af því að leikurinn, eða hluti hans verði leikinn aftur, enda ekki stoð fyrir slíkri kröfu.

V

Niðurstaða

Í máli þessu snýst ágreiningur málsaðila um það annars vegar hvort skilyrði séu uppi, eins og málavöxtum er háttað, til að láta endurtaka úrslitaleik KA og Stjórnunnar í Íslandsmóti 4. flokks karla C-liða, sem fram fór á Greifavelli 14. september 2024. Ljóst liggur fyrir í gögnum málsins að eftir að venjulegum leiktíma lauk í fyrrnefndum leik KA og Stjórnunnar var staðan jöfn 3-3. Lá því fyrir að leika þyrfti til þrautar með því að grípa til framlengingar. Óumdeilt er að dómari leiksins upplýsti um og ákvað að framlenging skyldi vera 2 x 5 mínútur. Að henni lokinni fór fram vítaspyrnukeppni þar sem hvort lið tók aðeins þrjár spyrnur til að ráða fram úrslit í leiknum.

Samkvæmt 26. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót skal leiktími framlengingar í 4. flokki karla vera 20 mín (2 x 10 mín). Sé enn jafnt að lokinni framlengingu skal fara fram vítaspyrnukeppni skv. 10. grein knattspyrnulaganna. Skal þá hvort lið fyrir sig taka fimm spyrnur. Ef staðan er jöfn þegar hvort lið hefur tekið fimm spyrnur, skal spyrnum haldið áfram

Þar til annað liðið hefur skorað marki meira en hitt úr jafn mörgum spyrnum. Að mati aga- og úrskurðarnefndar eru ákvæði knattspyrnuleganna og 26. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót ófrávíkjanleg og því sé ljóst að dómari leiksin hafi gert mistök er hann ákvað að leiktími framlengingar skyldi vera 2 x 5. mínútur. Engu breytir hvort mistök dómara hafi haft áhrif á báða aðila eða hafi verið framkvæmd með vitund beggja liða.

Með vísan til framanritaðs er því fallist á dómkröfu kæranda að leika leikinn að nýju. Byggir niðurstaða nefndarinnar á grein 11.1. a) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar kemur fram að nefndin geti úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Auk þessa, sbr. niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 10/2021, hefur nefndin heimild til kveða sérstaklega á um hvernig agaviðurlög eru framkvæmd, sbr. 2. mgr. 7. greinar agareglugerðar FIFA (FIFA Disciplinary Code). Í samræmi við grein 24.2. eru agareglur FIFA ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar að endurtaka skuli úrslitaleik KA og Stjórnunnar í Íslandsmóti 4. flokks karla C-liða með þeim hætti að hann hefjist eftir að venjulegum leiktíma hans lauk og frá upphafi framlengingar og verði þannig framkvæmdur samkvæmt fyrirnefndri 26. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Verði jafnt eftir framlengingu skal fara fram vítaspyrnukeppni skv. 10. grein knattspyrnuleganna. Í úrskurði um endurtekningu á leik felst að leikur skuli fara fram á sama leikstað og sá leikur sem endurtekin er fór fram á. Skal leikurinn því fara fram á heimavelli KA skv. nánari ákvörðun Mótanefndar KSÍ.

Kærandi gerir það að varakröfu að kærða verði gert að greiða ferðakostnað Stjórnunnar til og frá leikstað. Dómari leiksins 14. september 2024 var tilnefndur af kærða KA og starfaði á ábyrgð þess, skv. 19. grein reglugerðar um knattspyrnumót. Kærði verður því að bera kostnað kæranda af því að ferðast til Akureyrar til að endurtaka leikinn með þeim hætti sem að framan er lýst. Við ákvörðun um ferðakostnað tekur nefndin mið af dómi áfrýjunardómstóls í máli nr. 3/2018. Við ferðakostnað skal mið tekið af hluta greinar 23.2.9 reglugerðar um knattspyrnumót. Nánar tiltekið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.

Úrskurðarorð:

Úrslitaleikur KA og Stjórnunnar í Íslandsmóti 4. flokks karla C-liða, sem fram fór 14. september 2024 skal endurtekinn með þeim hætti að hann hefjist þegar venjulegum leiktíma hans lauk og frá upphafi framlengingar.

KA greiðir ferðakostnað Stjórnunnar til og frá leikstað m.t.t. viðmiða í grein 23.2.9 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Þróstur Ríkharðsson [sign]